



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 2. apríl 2024
Tilvísun: 2403002/0.7.2

Efni: Umsögn um tillögu að starfsleyfi Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 29. febrúar 2024, þar sem tilkynnt var um auglýsingu tillögu að starfsleyfi Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi er varðar eldissvæði kennd við Drangsvík, Eyjahlíð og Óshlíð.

Meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafinu og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, björgunarþjónustu og aðstoð við almannavarnir. Öryggi siglinga við landið er stofnuninni sem og öllum sjófarendum afar mikilvægt.

Að gefnu tilefni bendir Landhelgisgæslan á að í lögum nr. 132/1999 um vitamál segi í 1. mgr. 4.gr. að *óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Það svæði sem helgað er með hvítum ljósgeira vita og leiðarljósa í sjónarlengd þeirra, ásamt ljósduflum og sjó- og leiðarmerkjum, marka siglingaleiðir til og frá höfnum landsins og óheimilt er að setja upp mannvirki sem skyggja á leiðarmerki frá sjónum, á það einnig við um sjókvíar. Þess ber að geta að svæðin Eyjahlíð og Óshlíð eru bæði staðsett innan hvíts ljósgeira.*

Landhelgisgæslan telur rétt að áréttu að í strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði hafa svæði verið afmörkuð fyrir siglingar þar sem þyngsta umferð skipa hefur mælst í ferilvöktun. Ljóst sé hins vegar að siglingar skipa afmarkast ekki við þau svæði. Landhelgisgæslan bendir á að taka þarf sérstaklega tillit til þess að meginreglan er sú að öll siglingafær hafsvæði teljast til siglingasvæða að mati sjófarenda og að öruggar siglingaleiðir eru markaðar með vitaljósum. Í strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er kveðið á um að áhættumat siglingaöryggis skuli fara fram áður en leyfi eru veitt og að taka beri tillit til áhættumatsins í leyfisveitingaferlinu.

Áhættumat siglingaöryggis hefur farið fram vegna þeirra svæða er um ræðir og auglýst tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi vísar til áhættumatanna. Landhelgisgæslan fagnar því að tekið sé tillit til öryggis sjófarenda við útgáfu starfsleyfa en telur rétt að útgáfa starfsleyfis fyrir svæðin Óshlíð og Eyjahlíð sé tekin til endurskoðunar og vísar í því samhengi til niðurstöðu áhættumats svæða þeirra sem kennd eru við Óshlíð og Eyjahlíð.

Niðurstaða áhættumats fyrir þessi svæði var á þann veg að ekki væri ásættanlegt að leyfa fiskeldi á þessum svæðum með tilliti til siglingaöryggis. Fyrir svæðið Drangsvík er niðurstaða áhættumats hins vegar að fiskeldi á því svæði hafi ekki teljandi neikvæð áhrif á siglingaöryggi.

Með vísan til áhættumata siglingaöryggis og þeirrar hættu sem fiskeldi á svæðunum Óshlíð og Eyjahlíð hefði í för með sér fyrir öryggi sjófarenda er það mat Landhelgisgæslu Íslands að afar varasamt sé að veita leyfi fyrir starfsemi á umræddum svæðum.

Telur Landhelgisgæslan því afar mikilvægt að Umhverfisstofnun endurskoði tillögu að starfsleyfi Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi með öryggi sjófaranda í huga.

Virðingarfyllst,


Sigríður Skaftadóttir
Lögfræðingur



Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2024
Tilv.:2405890 / HZ

Efni: Starfsleyfi fiskeldi Arnarlax Ísafjarðardjúpi

Með tölvupósti dagsettu þann 13. maí 2024 óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Samgöngustofu um tillögur að starfsleyfi fyrir Arnarlax á þremur svæðum í Ísafjarðardjúpi. Um er að ræða svæðin:


SN36 – Drangsvík (Snæfjallaströnd)
SN35 – Eyjahlíð
SN23 – Óshlíð

Landhelgisgæsla Íslands, Samgöngustofa og Vegagerðin unnu áhættumöt fyrir öll þessi svæði, að beiðni innviðaráðuneytisins, snemma árs 2023. Í auglýsingu Umhverfisstofnunar um tillögu til starfsleyfis fyrir Arnarlax á svæðunum er vísað til þessara áhættumata.

Niðurstöður áhættumatanna voru þær að fiskeldi á svæðinu í **Drangsvík** hafi ekki tekið áhrif á siglingaöryggi. Niðurstöður áhættumata svæðanna við **Eyjahlíð** og **Óshlíð** eru hins vegar á þann veg að ekki sé ásættanlegt, með tilliti til siglingaöryggis, að leyfa fiskeldi á svæðunum.

Í ljósi niðurstöðu áhættumata siglingaöryggis og þeirrar hættu sem fiskeldi á svæðunum Eyjahlíð og Óshlíð hefðu í för með sér fyrir öryggi sjófarenda, er það mat Samgöngustofu að óheimilt sé að veita leyfi fyrir fiskeldi á svæðunum.

Fer Samgöngustofa því fram á að umsókn Arnarlax um starfsleyfi á svæðunum verði hafnað.



Halldór Ó. Zoëga

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits

Virðingarfyllst



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri lögfræðideildar

Athugasemdir vegna starfsleyfistillögu vegna starfsleyfis Arnarlax í Ísafjarðardjúpi

Við viljum gera athugasemdir við að í fyrrnefndri starfsleyfistillögu sé ekki fjallað um áhrif aukins eldis á svæðinu á magn lúsa. Þetta á sérstaklega við þar sem illa hefur gengið að eiga við laxalús í öðrum fjörðum, sunnar á Vestfjörðum undanfarin misseri.

Burðarþol Ísafjarðardjúps hefur verið áætlað 30 þúsund tonn. Þrátt fyrir að Djúpið sé stórt eru vatnsskipti takmörkuð og því meiri líkur á að lirfur lúsa sem leggjast á lax verði kyrrar í vatnshlotinu. Eldi í Ísafjarðardjúpi er nú 4 þúsund tonn. Síðasta febrúar var svo bætt við 8 þúsund tonna leyfi fyrir lax sem mun að öllum líkindum verða settur út næsta vor í fyrsta skipti. Með þessu leyfi sem er verið að fjalla um bætast við 10 þúsund tonn og munu þrjú fyrirtæki deila sama vatnshloti. Vaninn er að hvert fyrirtæki noti 2 fiskeldisvæði árlega, eitt með nýjum seiðum og annað með fiski sem komið er að slátrun. Því er líklegt að 6 fiskeldisvæði verði í notkun á sama tíma í Ísafjarðardjúpi.

Vert er að minnast þess að síðasta ár (2023) voru mikil lúsavandamál í Arnarfirði, Tálknafirði og Dýrafirði sem leiddi til þess að þar voru framkvæmdar 14 lyfjameðferðir á mótí engri í Ísafjarðardjúpi ef frátalin er meðferð með Slice fóðurlöndu. Fleiri fiskeldisvæði og meiri eldisfiskur hafa talsverð áhrif á fjölgun og dreifingu sviflægra lúsa lirfa. Reynslan hefur jafnframt sýnt að þegar nauðsynlegt er að nota lúsalyf á einu fiskeldisvæði þarf einnig að gera það á öðrum svæðum í nágrenninu. Því er hugsanlegt að nauðsyn verði að meðhöndla fisk á 6 fiskeldisvæðum á sama tíma í vatnshloti Ísafjarðardjúps verði leyfið veitt.

Lýs eru stórt vandamál fyrir fisk í kvíum en einnig hafa athuganir sýnt að með auknu eldi hefur orðið aukning á lúsaálagi villts fisks. Þar sem lyfjameðferðir til að drepa lýs hafa einnig áhrif á önnur krabbadýr en lýsnar má

einnig spyrja sig hve vel sífelldar lyfjameðhandlanir fari með rækjuveiðum sem stundaðar hafa verið í djúpinu.

Við mælum því með varfærnari nálgun þar sem fylgst verður með samþættingu núverandi eldis og þess sem nú þegar er búið að gefa leyfi fyrir og meta vel lúsamálin áður en bætt verður við þannig að bæði eldinu og umhverfinu verði minni skaði af.

**Cristian Gallo, Vistfræðingur hjá Náttúrustofa Vestfjarða,
2.4.2024 Ísafjörður**